

Tillögur til breytinga á lögum Eflingar - stéttarfélags

Vísað er til laga Eflingar í núv. mynd eins og þau eru birt á vefsíðu félagsins.
Svo fer um lagabreytingar skv. 35. gr. laga Eflingar:

“Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda sé þess getið í fundarboði að lagabreytingar séu á dagskrá og ennfremur skulu breytingarnar áður hafa verið ræddar á almennum félagsfundi minnst viku fyrir aðalfund. Tillögum til lagabreytinga, sem einstakir félagsmenn vilja koma á framfæri, skal skila til félagsstjórnar eigi síðar en fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn ASÍ og stjórn Starfsgreinasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands hafa staðfest þær.”

4. gr. - viðbót		
Lýsing:	Texti:	Skýring:
Við bætist ný mgr. í greinina á eftir 1. mgr. greinarinnar.	“Félagið skal bjóða félagsmönnum sem greitt hafa félagsgjöld í 3 mánuði eða lengur að gerast fullgildir félagsmenn. Skal þessa sérstaklega gætt í aðdraganda kosninga í félaginu þar sem krafist er fullrar félagsaðildar til kosningaréttar eða kjörgengis.”	Hugsað til að félagið stuðli að því að gera greiðendur til félagsins að fullgildum félagsmönnum um leið og þeir hafa til þess rétt, m.a. til að réttur þeirra til þátttöku í félaginu sé ekki skertur eða mæti óþarfa þröskuldum t.d. þegar að kosningum kemur. Þannig má t.d. fækka tilvikum þar sem félagsmenn þurfa að kæra sig inn á kjörskrá.

10. gr. 1. mgr. - breyting		
Var:	Verður:	Skýring:
“Stjórn félagsins skipa 15 stjórnarmenn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 11 meðstjórnendur. ”	“Stjórn félagsins skipa 15 stjórnarmenn að meðtöldum formanni og varaformanni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér störfum. ”	Embætti gjaldkera og ritara stjórnar lagt niður til samræmis við áralanga framkvæmd. Sjá einnig fyrirmynd í lögum VR .
11. gr. 1. mgr. - ákvæði eytt út		
Var:	Verður:	Skýring:
“Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfundar sbr. 28. gr. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum félagsins og eignum þess. Skytt er stjórn félagsins að stuðla að því að gögn og aðrar upplýsingar sem tengjast sögu félagsins séu sem best varðveittar. Hún ræður starfsmenn félagsins, ákveður laun þeirra, vinnuskilyrði og starfsvið með ráðningarsamningum. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skytt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstarf hans varðar.”	“Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn allra félagsmála milli félagsfunda. Stjórnin boðar til félagsfundar sbr. 28. gr. Stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á fjárreiðum félagsins og eignum þess. Skytt er stjórn félagsins að stuðla að því að gögn og aðrar upplýsingar sem tengjast sögu félagsins séu sem best varðveittar. Láti félagsmaður af trúnaðarstörfum er hann gegnir fyrir félagið er honum skytt að skila af sér öllum gögnum er trúnaðarstarf hans varðar.”	Ákvæði um að stjórn annist ráðningar starfsfólks, sem ekki hefur verið framfylgt áratugum saman og valdið ágreiningi og misskilningi, fjarlægt og í stað þess bætist við ný mgr. (3. mgr. 11. gr.) byggð á fyrirmynd laga VR um ráðningu framkvæmdastjóra sem gegni þessari meginábyrgð.
11. gr. 3. mgr. - viðbót / ný mgr.		
Við bætist málsgrein sem verði 3. mgr. greinarinnar.	“ Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir öðru starfsmannahaldi og semur um kjör starfsfólks. ”	Byggt á fyrirmynd laga VR og til samræmis við þá framkvæmd að faglega ráðnir stjórnendur sjá um daglegan rekstur, þ.m.t. starfsmannahald og ráðningar.
12. gr. - viðbót		
Var:	Verður:	Skýring:
“Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir	“Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir	Sett inn ákvæði til skýringar á því hvenær

<p>mánaðarlega. Formaður kveður til stjórnarfundar og stjórnar þeim. Formanni er skylt að halda stjórnarfund ef minnst fjórir stjórnarmenn óska eftir því. Hann undirritar gerðir félagsins og gætir þess, að allir starfsmenn þess geri skyldu sína. Hann ber ábyrgð á starfsemi félagsins og fylgist með því að lögum þess sé fylgt og reglum í öllum greinum. Varaformenn skulu í hvívetna aðstoða formann í starfi hans og taka við skyldum hans í forföllum.”</p>	<p>mánaðarlega. Formaður kveður til stjórnarfundar og stjórnar þeim. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formanni er skylt að halda stjórnarfund ef minnst fjórir stjórnarmenn óska eftir því. Hann undirritar gerðir félagsins og gætir þess, að allir starfsmenn þess geri skyldu sína. Hann ber ábyrgð á starfsemi félagsins og fylgist með því að lögum þess sé fylgt og reglum í öllum greinum. Varaformenn skulu í hvívetna aðstoða formann í starfi hans og taka við skyldum hans í forföllum.”</p>	<p>stjórnarfundur er löglegur og þar með ákvörðunarbær. Sjá t.d. fyrirmynd laga VR.</p>
<p>12. gr. - viðbót</p>		
<p><i>Lýsing:</i></p>	<p><i>Texti:</i></p>	<p><i>Skýring:</i></p>
<p>Við bætist málsgrein í 12. gr. sem verði 2. mgr. greinarinnar.</p>	<p>“Heimilt er stjórn að setja sér nánari starfsreglur. Heimilt er henni jafnframt að skipa vinnuhópa og undirnefndir, skipaðar stjórnarmönnum, sem undirbúi mál til afgreiðslu á reglulegum fundum stjórnar.”</p>	<p>Ákvæði sem heimilar stjórn að vanda betur undirbúning mála og auka skilvirkni stjórnarfundar með því vísa málum í undirnefndir/vinnuhópa. Ákvæði byggt á fyrirmynd Styrkjanefndar sem starfað hefur sl. misseri og gefið góða raun og einnig er fyrirmynd hjá VR, þar sem starfa undirnefndir stjórnar t.d. Laganefnd, Kjaramálanefnd o.s.frv.</p>
<p>13. gr. - breyting</p>		
<p><i>Var:</i></p>	<p><i>Verður</i></p>	<p><i>Skýring:</i></p>
<p>“Ritari ber ábyrgð á að gerðarbækur félagsins séu haldnar og sér um að í þær séu færðar allar fundargerðir, lagabreytingar og aðalreikningur. Hann undirritar gerðabækur félagsins ásamt formanni. Heimilt er að hljóðrita fundi félagsins, en fundargerðir skulu engu að síður skráðar. Ritari ber ásamt formanni ábyrgð á að skjöl</p>	<p>“Formaður ber ábyrgð á að gerðarbækur félagsins séu haldnar og þær varðveittar með öruggum hætti. Hann undirritar gerðabækur félagsins. Formaður ber ábyrgð á að skjöl félagsins og önnur gögn séu varðveitt með skipulegum hætti.”</p>	<p>Embætti ritara stjórnar lagt niður sbr. ofanefnda breytingu á 10 gr. og áralanga framkvæmd þar sem starfsmaður hefur sinnt fundarritun. Ákvæðum breytt þannig að formaður tekur ábyrgð á að gerðabók sé rituð og varðveitt. Ábyrgð á undirritun gerða hjá formanni, sem og á varðveislu skjala og gagna félagsins en eftir</p>

félagsins og önnur gögn séu varðveitt með skipulegum hætti.”		atvikum eru þessi verkefni falin starfsmanni. Breytingin útilokar ekki að að stjórn taki ákvörðun um að skipa ritara úr eigin röðum kjósi hún það sbr. breytingu á 1. mgr. 10. gr.
14. gr. - breyting		
<i>Var:</i>	<i>Verður:</i>	<i>Skýring:</i>
<p>“Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með fjárreiðum félagsins og bókhaldi eftir nánari fyrirmælum stjórnar. Kjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara samþykktir og reikninga félagsins fyrir hvert reikningsár sem er almanaksárið og gera athugasemdir ef þörf er á.”</p>	<p>“Stjórn skal tryggja að fjármál félagsins séu jafnan í góðu horfi og að eðlilegt gagnsæi í bókhaldi og meðferð fjármuna sé til staðar. Kjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara samþykktir og reikninga félagsins fyrir hvert reikningsár sem er almanaksárið og gera athugasemdir ef þörf er á.”</p>	<p>Embætti gjaldkera stjórnar lagt niður sbr. ofan nefnda breytingu á 10. gr., áralanga framkvæmd og að fyrirmynd laga VR. Ábyrgð stjórnar á fjárreiðum er þegar sameiginleg sbr. 11. grein. Orðalagi varðandi eftirlit með fjárreiðum og bókhaldi breytt þannig að gagnsæi gagnvart félagsmönnum sé tryggt en þó ekki þannig að einn eða fleiri stjórnarmenn séu skyldugir að annast sérstakt eftirlitshlutverk. Ath. að þegar er til staðar ákvæði í lögum skyldu til að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins (34. gr.) Breytingin útilokar ekki að að stjórn taki ákvörðun um að skipa gjaldkera úr eigin röðum kjósi hún það sbr. breytingu á 1. mgr. 10. gr.</p>
31. gr. - breytingar		
<i>Var:</i>	<i>Verður:</i>	<i>Skýring:</i>
<p>Sjóðir félagsins eru eftirtaldir:</p> <p>Félagssjóður, Sjúkrasjóður, Orlofssjóður, Fræðslusjóður, Vinnudeilusjóður og Jóhönnu- og Vilborgarsjóður.</p> <p>Allir sjóðir félagsins aðrir en félagssjóður skulu starfa samkvæmt reglugerðum samþykktum af</p>	<p>Sjóðir Eflingar sem fjármagnaðir eru af iðgjaldi frá atvinnurekendum skv. kjarasamningum félagsins eru eftirtaldir: Sjúkrasjóður, Styrktarsjóður Eflingar (fjármagnaður af iðgjaldi Sjúkrasjóðs) og Orlofssjóður.</p> <p>Sjóðir Eflingar sem fjármagnaðir eru af félagsgjaldi eru eftirtaldir: Félagssjóður,</p>	<p>Uppfært m.t.t. þess hvernig sjóðir félagsins eru í reynd uppbyggðir í dag og hvað þeir heita, en ákvæðið var úrelt og villandi um heiti sjóða. Ákvæðin skýra jafnframt betur muninn á sjóðunum, ss. þeim sem eru fjármagnaðir af iðgjaldi og þeim sem fjármagnaðir af félagsgjaldi, og tilgreinir þá sjóði sem eru undirsjóðir annarra sjóða.</p>

<p>aðalfundum. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skuli fé hans, hvernig stjórn hans skuli háttað og annað er sjóðinn varðar.</p>	<p>Vinnudeilusjóður (fjármagnaður af iðgjaldi Félagssjóðs) og Fræðslusjóður Eflingar (fjármagnaður af iðgjaldi félagssjóðs).</p> <p>Allir sjóðir sem reknir eru af félaginu aðrir en félagssjóður skulu starfa samkvæmt reglugerðum. Reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, hverjar tekjur hans skuli vera, hvernig verja skuli fé hans, hvernig stjórn hans skuli háttað og annað er sjóðinn varðar.</p> <p>Að auki á félagið aðild að starfsmenntasjóðum sem reknir eru sameiginlega með viðkomandi atvinnurekendum.</p>	<p>Einnig er innleitt í lögin hugtakið “starfsmenntasjóður”, sem er þegar í útbreiddri notkun til aðgreiningar frá Fræðslusjóði Eflingar. Tekið er út ákvæði um að reglugerðir sjóða skuli samþykktir á aðalfundi, enda er þegar kveðið á um í reglugerðum sjóða hvaða skilmálar eru fyrir breytingu þeirra þar sem við á, auk þess sem einn sjóðanna (Starfsendurhæfingarsjóður, einnig nefndur Endurhæfingarsjóður) starfar ekki eftir sérstakri reglugerð sem heyrir undir aðalfund Eflingar heldur skv. kjarasamningi, lögum og skipulagsskrá VIRK sem eru ígildi reglugerðar í skilningi þessara laga.</p>
---	---	---

Ofangreindar tillögur til lagabreytinga ásamt greinargerðum hér með lagðar fram til afgreiðslu á næsta aðalfundi Eflingar - stéttarfélags.

Reykjavík, 28. mars 2022
Sólveig Anna Jónsdóttir